



Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna	1
Áritun stjórnar	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9



Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning unglingsráðs handknattleiksdeildar Gróttu fyrir árið 2015. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2015 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn unglingsráðs handknattleiksdeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning deildarinnar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Rögnvaldur Dofri Pétursson

Bjarni Torfi Alfpórsson



Áritun stjórnar

Stjórn unglíngaráðs handknattleiksdeildar Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir

Hervör Pálsdóttir

Saga Ómarsdóttir

Viggó Kristjánsson

Sigríður Dögg Guðmundsdóttir

Lovísa Ásgeirsdóttir



Skýrsla stjórnar Handknattleiksdeild Gróttu 2015

Unglingaráð - Yngri flokkar 2. til 8. flokkur karla og kvenna

Unglingaráð veturinn 2015 - 2016 var þannig skipað:

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, formaður (frá september 2015)
Karitas Kjartansdóttir, meðstjórnandi (formaður frá apríl - september 2015)
Hervör Pálsdóttir, gjaldkeri
Lovísa Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi
Saga Ómarsdóttir, meðstjórnandi
Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Viggó Kristjánsson, meðstjórnandi

Iðkendur veturinn 2015–2016 voru 306, sem skiptist í 141 stelpu og 165 stráka en þetta er aukning um 8% frá fyrra tímabili.

Handknattleiksdeild Gróttu tefldi fram samtals 42 liðum frá 8. flokki karla og kvenna til 2. flokks karla og 3. flokks kvenna á tímabilinu að 4. flokki karla, eldra ári, undanskildu. Þar fengu þeir drengir sem eru að æfa á eldra ári undanþágu um að spila með liðinu á yngra árinu. Gróttu sendi lið á bæði Íslandsmótin og í bikarkeppnina. Almennt hefur jákvæðni og gleði einkennt leik liðanna og hafa flest liðin sýnt góðar framfarir. Boðið hefur verið upp á séræfingar fyrir 6. og 5. flokk karla og kvenna sem og einnig fyrir 4. – 2. flokk kvenna og karla.

Skipting í lið 2015 – 2016 var eftirfarandi:

Flokkur	Konur	Karlar
2.fl.		2 lið
3.fl.	1 lið	1 lið
4.fl.	2 lið	1 lið
5.fl.	3 lið	4 lið
6.fl.	2 lið	4 lið
7.fl.	7 lið	6 lið
8.fl.	5 lið	4 lið
Samtals	20 lið	22 lið

Aftek Gróttukrakkanna á vellinum hafa vakið athygli og á Gróttu nú nokkra leikmenn sem valdir hafa verið í yngri landsliði Íslands á tímabilinu.

Barna- og unglingaráð handknattleiksdeildar Gróttu hélt þrjú mót fyrir yngri flokka á þessu tímabili. Fyrsta mótið sem Gróttu hélt var Mikluborgar mótið (6. flokkur karla, eldra ár) sem haldið var í byrjun október 2015. Því næst kom Cheeriosmótið fyrir 8. flokk þar sem um 420 stelpur og strákar tóku þátt. Mjög mikilvægt var fyrir ráðið að fá þessa góðu styrktaraðila sem og virka þátttöku foreldra á öllum mótunum við aðstoð í sjoppu. Yngstu þátttakendurnir voru einnig leystir út með góðum gjöfum í boði Nathan og Olsen sem vöktu lukku. Síðasta mót vetrarins í umsjón Gróttu var síðan í lok janúar en þá mættu til leiks 5. flokkur kvenna yngra ár. Mótin gengu afar vel fyrir sig og mikil ánægja var meðal iðkenda, foreldra þeirra og þjálfara. Þá voru spilaðir fjölmargir heimaleikir í 2 - 4. flokki karla og kvenna.

Ljóst er að margir þurfa að leggja hönd á plóg þannig að allt gangi vel fyrir sig, bæði á mótum sem og heimaleikjum, og er ráðið þakklátt fyrir þá ómetanlegu vinnu sem fjölmargir aðilar hafa lagt til svo Gróttu sé sómi að, hvort sem þeir hafa tekið að sér dómsgæslu, ritarastörf eða sjoppuvaktina. Þá hélt barna- og unglingaráð dómaranámskeið fyrir áhugasama félagsmenn enda mikilvægt að félagið geti leitað til dómara sem hafa tilskilin réttindi.

Áhersla barna- og unglingaráðs handknattleiksdeildarinnar hefur verið að byggja upp innra starf yngri flokka handknattleiksdeildarinnar. Ráðið gaf út nýja stefnu í október 2015 þar sem farið er yfir gildi og markmið þjálfunar ásamt leiðum til að ná þeim markmiðum þar sem tekið er mið af aldri iðkenda. Hlutverk þjálfara og foreldraráða eru skilgreind og farið yfir umgjörð þjálfunar í hverjum flokki fyrir sig.

Markmiðið er að handboltaþjálfun sé skipulögð og markviss þar sem allir iðkendur fá verkefni við sitt hæfi og tækifæri til þess að ná framförum. Gildi yngri flokka handknattleiksdeildarinnar eru eftirfarandi:

Metnaður

- Allir fái notið sín og nái framförum.

Vinátta

- Gleðin í öndvegi þar sem stuðlað er að jákvæðum samskiptum í uppbyggilegu umhverfi

Virðing

- Allir beri virðingu fyrir hver öðrum.

Árangur

- Viðhorf, vinnubrögð og hugarfar til árangurs.

Þannig liggur áherslan á að hafa gaman af því að spila handbolta; í öðru lagi að allir nái framförum, líka þeir sem eru seinni til, og í þriðja lagi að enginn hætti að æfa handbolta. Verður að ætla að þetta sé til þess fallið að ná fram góðri liðsheild sem skilar árangri til lengri tíma.

Mikilvægt er að veita iðkendum tækifæri til að þroska sig sem einstaklinga, tileinka sér heilbrigðan lífsstíl til framtíðar og ekki síst að öðlast jákvæða sjálfsmynd og gott sjálfstraust innan vallar sem utan.

Í því skyni að fylgja stefnunni eftir voru þjálfarar yngri flokka handknattleiksdeildarinnar hvattir til að sækja fyrirlestur Vöndu Sigurgeirsdóttur sem haldinn var á vegum Gróttu í byrjun nóvember 2015 um forvarnir og félagslega uppbyggingu og hagnýtar leiðir fyrir íþróttþjálfara. Farið var í forvarnir gegn einelti, samskipti þjálfara við iðkendur og hvernig þjálfarar geta byggt upp góðan anda innan hópa. Fyrir handboltaþjálfarana var þetta eins konar eftirfylgni við fyrri fyrirlestur Vöndu en barna- og unglingaráðið hafði áður fengið hana til að halda fyrirlestur um sama efni fyrir þjálfara yngri flokka handknattleiksdeildarinnar í janúar 2015.

Enn fremur fékk ráðið Viðar Halldórsson til að halda fyrirlestur fyrir iðkendur annars vegar í 2.-3. flokki karla og kvenna og hins vegar 4.-5 flokki karla og kvenna ásamt foreldrum þeirra undir yfirskriftinni Hvað þarf til að ná árangri? Fjallað var um metnað, hugarfar og liðsheild í íþróttum barna og unglunga að teknu tilliti til aldurs þeirra. Markmiðið var að efla iðkendur á einstaklingsbundnum grundvelli sem og í liði og stuðla að jákvæðum samskiptum milli iðkenda.

Unnt er að líta á þessa fyrirlestra sem lið í því að vinna að því markmiði ráðsins að þjálfarar yngri flokka handknattleiksdeildarinnar séu færir, vel menntaðir og faglegir. Svo það geti orðið raunin þarf einnig fleira að koma til en stuðla þarf að fjölbreyttri menntun og endurmenntun þjálfara. Barna- og unglingaráðið samþykkti að styrkja fimm þjálfara yngri flokka til að sækja námskeið HSÍ fyrir þjálfara í handknattleik í janúar 2015 en ljóst er að á því sviði þarf að gera enn betur.

Barna- og unglingaráð handknattleiksdeildarinnar telur nauðsynlegt að skoðað verði heildstætt innan félagsins hvernig deildum þess verði gert betur kleift að mæta þeim kostnaði sem því fylgir að senda þjálfara á námskeið. Hefur reynslan sýnt að þjálfarar eru oftast en ekki ungir að árum og hafa því takmörkuð fjárráð til að mæta sjálfir kostnaði við að auka menntun sína og þekkingu á þessu sviði. Í því sambandi hefur barna- og unglingaráð jafnframt áhuga á að efla samstarf við aðrar deildir innan Gróttu um fyrirlestra og annars konar fræðslu fyrir þjálfara en verður að gera ráð fyrir því að deildirnar eigi það sameiginlegt að vilja hafa vel menntaða þjálfara innan sinna raða. Þá þarf að huga að sameiginlegri fræðslu fyrir iðkendur og foreldra þeirra enda staðreynd að oftast en ekki eru iðkendur að æfa fleiri en eina íþrótt innan félagsins.

Barna- og unglingaráðið sendi foreldrum iðkenda í yngri flokkum handknattleiksdeildarinnar könnun þar sem lagðar voru fram spurningar tengdar þjálfun iðkenda og líðan þeirra auk þess sem var leitað eftir skoðunum foreldra um hvernig koma megi í veg fyrir brottfall úr íþróttum barna. Þátttaka foreldra var góð og verður tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem þar komu fram við áframhaldandi þróun starfsins innan deildarinnar á komandi misserum.

Ráðið þakkar þjálfurum og aðstoðarþjálfurum yngri flokka handknattleiksdeildarinnar fyrir vel unnin störf í vetur og gott samstarf og þá sérstaklega fráfarandi yfirþjálfara yngri flokka, Kára Garðarssyni, sem hefur tekið við starfi íþróttastjóra félagsins. Einnig þakkar ráðið Kristínu Finnbogadóttur, framkvæmdastjóra félagsins, fyrir ómetanlega aðstoð og einstaka þolinmæði í garð ráðsmanna.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir

Formaður barna- og unglingaráðs handknattleiksdeildar Gróttu



Rekstrarreikningur 2015

Rekstrartekjur	Skýr.	2015	2014
Framlög og styrkir	3	44.465.985	38.667.672
Aðrar tekjur	4	<u>12.705.123</u>	<u>12.150.017</u>
		<u>57.171.108</u>	<u>50.817.689</u>
Rekstrargjöld			
Verktakagreiðslur		13.091.200	13.306.200
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir)		19.245.000	19.535.000
Áhöld, tæki og búnaður		880.374	2.011.920
Þátttaka og kostnaður vegna móta	5	21.817.870	15.159.470
Annar kostnaður		<u>996.559</u>	<u>752.718</u>
		<u>56.031.003</u>	<u>50.765.308</u>
Rekstrarhagnaður		1.140.105	52.381
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		5.924	8.133
Vaxtagjöld		<u>(1.029)</u>	<u>(2.016)</u>
		<u>4.895</u>	<u>6.117</u>
Hagnaður ársins		<u>1.145.000</u>	<u>58.498</u>



Efnahagsreikningur 31/12 2015

Eignir

	Skýr.	2015	2014
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		2.988.530	2.799.583
Handbært fé		605.135	155.798
Veltufjármunir samtals		<u>3.593.665</u>	<u>2.955.381</u>
Eignir samtals		<u>3.593.665</u>	<u>2.955.381</u>

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2015	2014
Eigið fé			
Uppsafnað eigið fé frá fyrra ári		1.777.181	1.718.683
Tekjuafgangur ársins		1.145.000	58.498
Eigið fé samtals	6	<u>2.922.181</u>	<u>1.777.181</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>671.484</u>	<u>1.178.200</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>671.484</u>	<u>1.178.200</u>
Skuldir samtals		<u>671.484</u>	<u>1.178.200</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.593.665</u>	<u>2.955.381</u>
-----------------------------	--	------------------	------------------



Sjóðstreymi 2015

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2015	2014
Hagnaður ársins		1.145.000	58.498
Hreint veltufé frá rekstri		<u>1.145.000</u>	<u>58.498</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur		(188.947)	(788.948)
Skammtímaskuldir		<u>(506.716)</u>	<u>82.955</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(695.663)	(705.993)
Handbært fé (til) frá rekstri		<u>449.337</u>	<u>(647.495)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		449.337	(647.495)
Handbært fé í ársbyrjun		155.798	803.293
Handbært fé í árslok		<u>605.135</u>	<u>155.798</u>



Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Handknattleiksdeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi. Þessi ársreikningur, handknattleiksdeildar Gróttu, er ársreikningur unglingaráðs.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Framlög og styrkir

	2015	2014
Húsaleigustyrkir	19.200.000	19.400.000
Ferðastyrkir	842.050	1.700.000
Rekstrarstyrkur	4.471.917	4.460.004
Sjálfsaflafé	18.678.000	11.589.347
Ýmis fyrirtæki	450.000	610.000
Lottó	746.340	802.727
Aðrir styrkir og tekjur	77.678	105.594
	<u>44.465.985</u>	<u>38.667.672</u>

4. Aðrar tekjur

	2015	2014
Æfingagjöld	11.158.206	11.114.859
Tekjur af mótum o.fl.	1.546.917	1.035.158
	<u>12.705.123</u>	<u>12.150.017</u>



Skýringar

5. Þátttaka og kostnaður vegna móta

	2015	2014
Ferðakostnaður, innanlands	10.100.166	13.396.323
Ferðakostnaður, erlendis	10.000.000	0
Þátttökugjöld	905.280	1.024.015
Annar kostnaður	812.424	739.132
	<u>21.817.870</u>	<u>15.159.470</u>

6. Eigið fé

	Uppsafnað frá fyrra ári	Tekjuafg. ársins	Samtals
Eigið fé 1/1	1.718.683	58.498	1.777.181
Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé	58.498	(58.498)	0
Afkoma ársins		1.145.000	1.145.000
Eigið fé 31/12	<u>1.777.181</u>	<u>1.145.000</u>	<u>2.922.181</u>